

Umsögn um lagafrumvarp, 149 um mannanöfn, 9. mál, löggjafarþings 2018–2019

Samkvæmt frumvarpinu verða felld úr gildi lög um mannanöfn 1996 nr. 45 17. maí, en stefnt að því að ný heildarlöggjöf um mannanöfn taki við. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðeins forráðamenn barns geti skráð nafn þess í Þjóðskrá. Við það fellur niður sá möguleiki sem er í 2. grein gildandi laga og heimilar, að þjóðkirkjan, trúfélög og lífsskoðunarfélög megi sjá um skráningu og löggildingu nafnsins í framhaldi af skírn eða nafngjafarathöfn. Ákvæði sem koma í veg fyrir að börnum verði gefin nöfn sem verði þeim til ama verða felld niður, en Þjóðskrá gert skylt að skrá öll nöfn sem henni berast.

Í frumvarpinu er einblínt á frelsi til að velja sjálfum sér nafn en hagsmunir barna sem gefin eru nöfn eru bornir fyrir borð. Í frumvarpinu er lögum um mannanöfn lýst svo að þau einkennist af „neikvæðum íþyngjandi formerkjum“ og sama viðhorf ræður þeirri tillögu að félögum og stofnunum sem koma að og fara með mannanafnamál verði lögð niður. Enginn gaumur er hins vegar gefin að ráðgefandi hlutverki þeirra eða forvörnum. Í stað þeirra gera höfundar frumvarpsins ráð fyrir að sækja megi foreldra til saka samkvæmt barnalögum fyrir ofbeldi og vanvirðandi háttsemi eftir að hafa skráð í Þjóðskrá nöfn sem verði börnum þeirra til ama. Við blasir að slíkt fyrirkomulag er órökrétt og stenst engin lög, en jafnframt að engir möguleikar yrðu eftir til að verja börn fyrir ónefnum ef frumvarpið yrði samþykkt.

Röksemdir

Þjónusta bönnuð

Núgildandi fyrirkomulag hefur ekki útilokað að forráðamenn sjái sjálfir um skráningu nafns í Þjóðskrá, en langflestir foreldrar hafa þó notfært sér þjónustu þjóðkirkju, trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga eins lengi og boðið hefur verið upp á hana. Ekki verður því séð að bann við þeirri þjónustu sé til umbóta fallin, heldur muni það þvert á móti verða til óhagræðis.

Ráðgjöf hverfur

Í frumvarpinu er eftir sem áður gert ráð fyrir ábyrgð forráðamanna nýfæddra barna við nafnval, nafngjöf og skráningu, en lagt til að flestar hömlur á nafngift og nafnabreytingar verði lagðar af. Í núgildandi kerfi hafa fulltrúar þeirra félaga sem bjóða upp á skírn eða nafngjafarathöfn borið þá skyldu að leiðbeina forráðamönnum barns um nafnalög við val á nafni. Mannanafnanefnd hefur verið úrskurðaraðili þegar vafi hefur leikið á því hvort tiltekin nöfn samræmist lögnum, eða um hvernig megi laga nöfn að þeim. Þjóðskrá er ekki heimilt að skrá nöfn sem ekki samræmast nafnalögnum.

Samkvæmt frumvarpinu verður mannanafnanefnd lögð niður, en Þjóðskrá verður gert skylt að skrá hvert það nafn sem forráðamenn barna kunna að láta sér hugkvæmast. Þótt foreldrar nýfæddra barna fái þannig fullt frelsi til að gefa börnum nöfn, eins og er yfirlýst markmið höfunda frumvarpsins, verður niðurstaðan einnig að hvergi verður hægt að leita ráðgjafar, enda er ekki lagt til að aðrar stofnanir veiti hana í staðinn.

Enginn gætir hagsmuna barna við nafngjöf

Samkvæmt frumvarpinu verða einnig felldar niður hömlur sem nú eru í lögnum á því að barni sé gefið nafn sem verði því til ama. Ákvæðið er til að tryggja hagsmuni barna og í núgildandi kerfi hafa ofangreind félög og stofnanir haft hlutverki að gegna innan þess markmiðs að koma í veg fyrir að börn sitji uppi með slík nöfn. Stórkostleg mótsögn er milli frumvarpsins sjálfs og greinargerðarinnar sem því fylgir um þetta atriði þegar þau eru borin saman.

Útgangspunktur frumvarpsins er takmörkun afskipta hins opinbera í nafni frelsis, sem meðal annars er rökstutt í samhengi við ástæður þess að fella skuli í burt takmarkanir á því að nafngjöf verði barni til ama. Í IV. kafla greinargerðarinnar er það talið rök gegn afskiptum að fram að þessu hafi úrskurðir sem vísa til þess að nafn geti orðið nafnbera til ama verið fái. Markmiðið með frumvarpinu að þessu leyti sé að löggjöfin eigi að: „fela í sér róttækt traust til foreldra og getu þeirra til að velja barni sínu nafn sem verður því ekki til ama.“

Höfundar frumvarpsins gera samt sem áður ráð fyrir því að einhverjir bregðist traustinu, því að þar segir einnig: „Komi upp tilfelli þar sem vafi leikur á því hvort nafn barns geti orðið því til ama má leiða að því líkur að vandi viðkomandi barns sé meiri en svo að ákvæði laga um mannanöfn, og þar af leiðandi mannanafnanefnd, eigi að leiðbeina foreldrum í foreldrahlutverkinu.“

Samkvæmt greinargerðinni er því gert ráð fyrir því að nöfn geti orðið börnum til ama og að yfirvöld hafi afskipti af málum ef svo ber undir. Um það er vísað í 1. og 2. mgr. 1. gr. barnalaganna um réttindi barna og fullyrt að slíka nafngjöf skuli meta sem „ofbeldi og vanvirðandi háttsemi“. Í greinargerðinni segir: „Þeir aðilar sem hafa umsjón með vernd barna eiga þannig að hafa næga heimild í lögum til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana“. Því virðist sem höfundar frumvarpsins telji þrátt fyrir allt að nafngjöf geti verið barni til svo mikils ama að ástæða sé til að siga barnaverndaryfirvöldum á foreldrana.

Ekki er að sjá að hagsmunum barna sé betur fyrir komið með því að heimila að þeim séu gefin nöfn sem talið er líklegt að verði þeim til ama, en útsetja þau um leið fyrir aðgerðum gegn foreldrum þeirra síðar.

Líklegt er að þetta nýja fyrirkomulag leiði til vandræða. Skýrast er að benda á að varla er framkvæmanlegt fyrir yfirvöld að lögsækja foreldra fyrir að hafa gefið barni löglegt nafn sem Þjóðskrá er búin að skrá. Engar lagaheimildir væru fyrir slíkri lögsókn. Hún yrði barninu þá til enn meiri ama en nokkurt nafn. Þess vegna skýrir greinargerðin best sjálf að börn yrðu óvarin fyrir því að vera gefin ónefni sem yrðu þeim til ama ef frumvarpið verður að lögum.

18. október 2018,

Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur.